

71 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um vöru-**
 17. apr. **toll af veiðarfærum.**

Með brjefi 19. mars þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um, hvort vörutoll beri að greiða af ýmsum veiðarfærum, sem Þ. Egilsson fyrir hönd fiskifjelags í Hollandi, og Evensen útgerðarmaður, sem nú er í Hafnarfirði, óska að leggja á land til þess að afhenda veiðarfærin aftur fiskiskipunum til endurbóta á þeim veiðarfærum, sem kunna að slitna eða verða ónýt.

Þjer bendið jafnframt á tvær leiðir til skýringar vörutollslögunum um þetta atriði. Önnur leiðin sje að skoða veiðarfærin sem tollskyldar vörur og skila tollinum aftur, þegar þau eru flutt út í skipin, en að þar sje sá annmarki á, að vörutollslögin taki ekki afhendingarvottorð lögreglustjóra gilt eitt útaf fyrir sig (sbr. 11. gr.), en vottorð útlendrar tollstjórnar verði hæpið að fá. Hin leiðin sje að skoða veiðarfærin eins og þau væru farangur skipverja. En um það atriði ákveða vörutollslögin, að aðeins »vanalegur« farangur sje undanþeginn, en botnvörpu »rúllur« og netastúfar verði ekki taldir með vanalegum farangri.

Stjórnarráðið verður að álíta, að hvorug þessara leiða geti leitt til þess að undanþiggja hin umræddu veiðarfæri vörutolli, og að ekki verði hjá því komist að svarað sje af þeim vörutolli eins og öðrum vörum af sama tagi, sem hingað flytjast. Sá tollur verður því aðeins endurgoldinn, að skilyrðinu, sem sett er í 11. gr. vörutollslaganna, sje fullnægt.

72 **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfóगतans í Reykjavík um vörutoll af vjela- eða**
 17. apr. **eða smurningsolíu.**

Forstjóri steinoliufjelagsins, hr. Holger Debell, hefir með brjefi 12. mars þ. á. leitað álits stjórnarráðsins um, hvern vörutoll eigi að greiða af vjela- eða smurningsolíu (Smöreolie), sem aðallega er höfð til að bera á mótora í bátum. Forstjórinn tekur það fram, að vjelaolían sje unnin úr jarðolíu, eins og steinolía og bensín, og að það sje gjört á Vallö-verksmiðjunni í Noregi, og sendir með málaleitun sinni farmskrá frá verksmiðjunni, sem sýnir að vjelaolían er þaðan.

Eftir að stjórnarráðið hefir sannfært sig um, að hin nefnda verksmiðja býr til vjelaolíu úr jarðolíu, og að vjelaolían er framleidd af hinu sama efni, eins og steinolía, sýnist verða að greiða sama vörutollinn af vjelaolíu, eins og steinolíu, og heimta hann eftir 1. gr. 1 vörutollslaganna.

Farmskráin frá Noregi endursendist.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið, herra bæjarfógeti, til frekari birtingar.